

Samantekt um verkefni í stafrænu samstarfi 2025

Stafræn stefna sveitarfélaga í stafrænum málum er skýr. Að efla þjónustu við íbúa með stafrænum lausnum og þjónustu á einum stað á Ísland.is. Verkefni stafræna teymisins miða að því að eyða hindrunum og gera sveitarfélögum kleift að raungera stefnuna.

- Ljúka innleiðingu stafræns pósthólfs.
- Færa þjónustuferla (umsóknir) í umsóknarkerfi Ísland.is.
- Gera sveitarfélögum kleift að færa vefi í vefumsjónarkerfi Ísland.is.
- Greiða fyrir gagnasamskiptum með Straumnum.

Til þess að þessi verkefni megi ganga fljótt og er nauðsynlegt að fjárfesta sameiginlega í innviðum og uppbyggingu. Verkefnatillögur fyrir árið 2025 miða flestar að því að byggja upp nauðsynlega innviði til að raungera þá stefnu sem sveitarfélögin hafa sett sér.

Tillaga að fjárhagsáætlun stafræns samstarfs 2025

Föst fjármögnun	45,000,000
Innra starf	45,000,000
Verkefnatengd fjármögnun	33,000,000
Ísland.is - Umsóknir	24,000,000
Þróun 1-3 nýjar umsóknir	8,000,000
Miðlæg móttaka umsókna - þróun	10,000,000
Rekstur á Veitu	6,000,000
Ísland.is - vefir	2,500,000
Þróun/innkaup vegna vefja á Ísland.is	2,500,000
Fræðsla og kynningarmál	6,500,000
Ráðstefna	4,000,000
Netöryggismál	2,500,000
SAMTALS	78,000,000

Föst fjármögnun

Stafræna teymið er fjármagnað af samstarfinu og fasta greiðslan fjármagnar starfsemi teymisins. Fasta greiðslan er sú sama og í fyrra 45 milljónir.

Verkefnatengd fjármögnun

Fjármagn fer í sameiginleg þróunarverkefni og er nýtt til að kaupa sérfræðipækkingu, forritun og aðra þjónustu. Eins og verið hefur eru verkefni undir þessum lið aðeins fjármögnuð ef til þeirra kemur og eftir þörfum. Hér er því um að ræða upphæðir sem tákna hámark þess sem fjárfest verður fyrir.

Ísland.is – umsóknir

Í samræmi við stafræna stefnu er gert ráð fyrir að mestur þungi verði í þróun og stuðningi við verkefni tengd umsóknum og þjónustu á Ísland.is.

Í fyrsta lagi er uppbygging á miðlægrri móttöku umsókna. Lagt er til að sveitarfélögin fjárfesti fyrir allt að 18 milljónum í umsóknum og miðlægrri móttöku. Nokkur óvissa ríkir um kostnaðarmat, en Sambandið er í viðræðum við ríkið um mögulegt fjármagn.

Ísland.is – vefir

Lagt er til að taka frá 2,5 milljónir vegna sameiginlegra þróunar eða innkaupa til að auðvelda sveitarfélögum að færa vefi sína á Ísland.is. Það verður æskilegt að byggja upp sameiginlegar einingar í vefkerfi Ísland.is kjósi sveitarfélög að færa vefina þangað. Dæmi um slíka einingu er t.d. birting fundargerða. Áhugi sveitarfélaga á því að færa vefi til Ísland.is verður kannaður og í kjölfarið tekin ákvörðun um hvernig og hvort verði staðið að þessu verkefni.

Fræðsla og kynningarmál

Ráðstefna um stafræn mál sveitarfélaga verður haldin eins og undanfarin ár. Mikil ánægja hefur verið með ráðstefnuna og er hún orðin að föstum lið þar sem lykilmál í sveitarfélögunum kemur saman, kynnist góðum verkefnum og stillir saman strengi í samstarfinu. Lagt er til að nota 4 milljónir í verkefnið sem er svipuð upphæð og undanfarin ár.

Vaxandi umræða hefur verið um netöryggismál á síðustu misserum og aukinn áhugi á málaflokknum meðal sveitarfélaga. Því er ætlunin að setja af stað aðgerðaáætlun í málaflokknum. Hluti áætlunarinnar felur í sér fræðslu- og kynningarefni fyrir starfsfólk sveitarfélaga og lagt er til að fjárfest verði fyrir 2,5 milljónir í því.